

Ofvirka Face- book týpan

Linda Björk Pétursdóttir, deildarstjóri hjá Síma-
verinu á Ísafirði er
Vestfirðingur vikunnar.



— sjá bls. 10

Leiðsögukonan elskar landið sitt Ísland

Sólrún Geirsdóttir ólst upp í Bolungarvík og hefur búið þar alla sína tíð, að frátöldum sjö námsárum í Reykjavík og Þýskalandi. Hún hefur aðeins átt lögheimili í tveimur húsum í heimabæ sínum. Vorið 1992 tók hún próf frá Leiðsöguskóla Íslands og meðfram kennslu og húsmóðurstörfum hefur hún síðan stundað leiðsögn þýskumælandi ferðamanna.



— sjá bls. 12 og 13.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 12. september 2013 · 36. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak



Hart barist á Torfnesi

Það var toppslagur á Torfnesevelli á laugardag þegar Bj/Bolungarvík og Haukar skildu jöfn, 2-2. Það var oft hart tekist á og fjögur gul spjöld litu dagsins ljós. Hér eigast þeir við Nigel Francis Quashie leikmaður Bj/Bolungarvíkur og Hafsteinn Briem, leikmaður Hauka.

OPIÐ

virka daga
8-18
laugardaga
10-14

SMÍÐJAN

VERSLUN
SINDRAGÖTU 12

Hankook
driving emotion



I*PIKE W409

Frábært nagladekk fyrir
íslenskar aðstæður.

**Hankook fyrir allar
gerðir ökutækja!**

BÍLAVERIÐ ehf.
Sindragötu 14 · S: 456 3501

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



Elmskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Elmskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Vilja að Víkurbúðin opni aftur

María Bjarnadóttir, sauðfjárbóndi og ráðskona að Hrafnabjörgum í Laugardal í Ísafjarðardjúpi, sér mikið eftir Víkurbúðinni í Súðavík sem var lokað í síðustu viku vegna rekstrarörðugleika líkt og veitingastaðnum Jóni Indíafara. „Ég kom að lokuðum dyrum. Ég hef getað treyst á búðina í Súðavík síðustu ár þegar

mig vantar nauðsynjavörur eins og mjólk, kartöflur, skyreða jafnvel kaffi. Annað hef ég fengið sent frá Péttri í Melabúðinni í Reykjavík. Hann sendir mér á tveggja vikna fresti en þegar ég hef orðið uppiskroppa með eitt hvað, hef ég getað farið í Víkurbúðina. Nú hef ég verið að borða hrísgrjón í staðin fyrir kartöflur

og þarf að bíða fram á fimmtudag eftir næstu sendingu úr Melabúðinni. Þetta er agalegt ástand, bæði fyrir mig og hana Rögnu á Laugarbóli,“ segir María.

Aðalfundur Grundarstrætis ehf., sem á og leigir út fasteignina að Grundarstræti 3 í Súðavík þar sem Víkurbúðin hefur verið rekin undanfarin tólf ár, fór fram í síðustu viku. Að sögn Ómars Mús Jónssonar, sveitarstjóra og framkvæmdastjóra félagsins, var mál-rætt á fundinum. Mikill vilji er

innan stjórnarinnar til þess að áfram verði starfrækt verslun í húsnæðinu og var framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu.

Kaupfélag Súðavíkurehf. sem hefur rekið Víkurbúðina og Jón Indíafara undanfarin ár, hefur verið starfrækt á sömu kennitölu á annan tug ára en það var stofnað 1996. Nýleg úttekt á rekstrinum leiddi í ljós að félagið er með skuldir sem það ræður ekki við og eru margir þættir sem hafa haft áhrif þar á. Meðal annars

náðist ekki að innheimta kröfur sem fyrirtækið átti á nokkra viðskiptavinum auk þess sem Landsbankinn vildi ekki framlengja hluta yfirdráttar sem fyrirtækið hefur verið með. Ákvörðun um að hætta rekstri var tekin í síðustu. Fyrirtækið hefur séð um rekstur mótuneytis í grunnskólanum í Súðavík en sveitarfélagið gerði samkomulag við rekstraradilann um áframhaldandi rekstur þess, á meðan línur eru að skýrast um áframhaldið.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, stuðning og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

Halldórs Kristins Helgasonar
frá Hnífsdal – Túngötu 18, Ísafirði

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjartadeildar Landspítalans við Hringbraut og Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á Ísafirði fyrir einstaka umönnun. Sömuleiðis þökkum við Kiwanisklúbbnum Básum á Ísafirði fyrir veittan stuðning.

Steingerður Ingadóttir

María Sveinfríður Halldórsdóttir	Sigurður Valgeir Jósefsson
Birkir Guðjón Halldórsson	Pia Majbrit Hansen
Karitas Ása Halldórsdóttir	Smári Garðarsson
Bryndís Halldórsdóttir	Valur Jóhannesson
Kristján Freyr Halldórsson	Bryndís Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.	



Veitingastaðnum Jóni Indíafara og Víkurbúðinni, var lokað í síðustu viku.

ÖRYGGISVÖRUR, EFNAVÖRUR OG SMUREFNI



FULL BÚÐ AF ÖRYGGIS- OG REKSTRARVÖRUM FYRIR ÚTGERÐINA OG SJÓMANNINN. KÍKTU Í KEMI BÚÐINA OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!



Kemi • Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík • www.kemi.is • Sími: 544 5466
Opíð: Mánudag - fimmtudags: Frá kl. 8.00-17.30. Föstudaga: Frá kl. 8.00-17.00.





ENDURHEIMTU
UNGLEGT ÚTLIT
HÚÐARINNAR.

NÝTT
LÆTUR HÚÐFRUMUR
ENDURNÝJA SIG
HRAÐAR





Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Herbert Snorrason, 846-3971, herbert@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfðunum bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Mjólkur málið - eitt af mörgu

Í svokallaðri „100-daga-hringferð“ hefur Morgunblaðið gert hinum ýmsu byggðarlögum skil í máli og myndum að undanförmu. Er það af hinu góða að fjölmiðill eins og Morgunblaðið skuli með þessum hætti vekja athygli á atvinnu- og mannlífi hinna dreifðu byggða, sem líklega eru hluta þjóðarinnar lítt kunnar.

Bolungarvík var í speglinum á laugardaginn. Fyrirsögn einnar greinarinnar var: „Mjólkur, ostur og skyr úr vestfirskri mjólku. Ný mjólkurvinnsla í Bolungarvík framleiðir Nettmjólku.“ Víst er það frétt að verið sé að hefja vinnslu mjólku á Vestfjörðum á ný, en sem kunnugt er lokaði Mjólkursamsalan vinnslustöðinni á Ísafirði fyrir margt löngu. Síðan það var afrekað hefur vestfirsk mjólka verið flutt á Selfoss, unnin þar og pökkuð og síðan flutt vestur aftur, í fernum, til neytenda. Fram og til baka sirka þúsund kílómetrar.

Síðan þessi ósköp dundu yfir hafa vestfirskir bændur verið dregnir á asnaeyrunum, eins og það er stundum orðað, af Mjólkursamsölunni: (Það) „eina sem við höfum farið fram á er að fá réttar upplýsingar frá forsvarsmönnum Mjólkursamsölunnar. Þegar við óskuðum eftir rökstuðningi fyrir þeim aðgerðum að leggja niður mjólkurstöðina á Ísafirði og að fá að sjá hvað sé að bak við sparnaðinn sem myndast með lokuninni, var okkur sagt að það væru stjórnendaupplýsingar,“ er haft eftir Birni Birkissyni, bónda að Botni í Súgandafirði, á bb.is. í nóv. í fyrra. Sem að líkum lætur er allt traust bændna á Vestfjörðum á Mjólkursamsölunni fokið út í buskann.

Þrátt fyrir ágæti mjólku er svo fyrir mörgum komið að vera með mjólkuróþol og geta ekki neytt þessa holla drykkjar. Þegar hafist var handa við undirbúning að mjólkurvinnslu í Bolungarvík var stefnt að því að framleiða laktósfria mjólkurvörur. BB er ekki kunnugt um að dult hafi verið farið með þessa fyrirtælin. Hvað sem því líður vekur athygli, að þegar að því er komið að mjólkurvinnslan í Bolungarvík hrökkvi í liðinn, er Mjólkursamsalan allt í einu tekin að falbjóða laktósfria mjólku.

Tilviljun?

Framtak Morgunblaðsins er af hinu góða. Byggðalögin á landsbyggðinni eiga undir högg að sækja og þurfa á því að halda að athygli sé vakin á því, sem þar er að gerast, hvað þar er í boði.

Stríðið er á mörgum vígstöðvum. Í mjólkurmálinu, einu af mörgu sem við er að glíma, verða Vestfirðingar að snúa bókum saman. Framgöngu Mjólkursamsölunnar verður best mætt með öflugum stuðningi viðskipta við Mjólkurvinnsluna Örn.

Þessa orustu verða Vestfirðingar að vinna!

s.h.

Spurning vikunnar

Hefur þú misst ökuréttindin?

Alls svöruðu 635.

Já sögðu 87 eða 14%

Nei sögðu 548 eða 86%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Heimir Hansson, forstöðumaður upplýsingamiðstöðvarinnar á Ísafirði.

Hænuskrif í vetrarferðamennsku

Ferðamannastraumurinn hefur hægst talsvert frá hásumrinu, en þó reytast enn gestir á Upplýsingamiðstöð Vestfjarða á Ísafirði, að sögn Heimis Hanssonar, forstöðumanns. Ferðamönnum hefur farið fjölgandi undanfarið, og ekki er annað að sjá en að svo hafi einnig verið í sumar. Þó virðast Íslendingar hafa verið seinir af stað, en veðurfar átti væntanlega sinn þátt í því. Fjölgunin á sér ekki aðeins stað yfir sumartímann, en veruleg aukning hefur orðið á þjónustu við ferðafólk

yfir vetrartímann, og helst það í hendur við fjölgun vetrargesta. Upplýsingamiðstöðin mun að sjálfsögðu verða til staðar, en opnunartími hennar stýttist nokkuð yfir veturinn.

Heimir segir að eftirtektarvert hafi verið að síðasta vetur hafi verið meira um ferðamenn en áður, og að áberandi í þeim hópi hafi verið fjallaskíðamenn. Þeir sem ekki þurfa skíðalyftur og ganga þess í stað upp brekkurnar hafa úr mörgu að velja á Vestfjörðum. Að sögn Heimis er Ís-

land komið á ratsjá fjallaskíðamanna í Bandaríkjunum, og ekki ólíklegt að þeim fari enn fjölga.

Skíðamennskan er þó ekki það eina sem stendur til boða á veturina, en Heimir bendir á starfsemi í Heydal og á Suðureyri allt árið um kring til marks um aukna þjónustu við þá sem leita á Vestfirði yfir vetrartímann. Þeim fari fjölgandi sem starfi allt árið við ferðamennsku. „Þetta er engin sprenging í þessu, miklu frekar bara hænuskrif í rétta átt.“

Tækifæri í vetrinum

Ferðamennska að vetri til í Norður-Atlantshafi kemur íbúum svæðisins oft spánkt fyrir sjónir, en hún færir þó sífellt í vöxt. Rúnar Karlsson hjá Borea kveðst hafa verið ánægður að taka eftir því að fjallaskíðamenn væru farnir að koma til Ísafjarðar á eigin vegum, ótengdir skipulögðum ferðum Borea. Borea hefur þó einnig í hyggju að fjölga iðkendum á Íslandi og halda áfram með fjallaskíðanámskeið sem tilraunir voru gerðar með síðasta vetur og gengu vel. Einnig stendur til að skipuleggja ferðir með bækistöð á Ísafirði. Rúnar tekur undir þá skoðun Heimis Hanssonar hjá Upplýsingamiðstöð Vestfjarða að áhugi sé að aukast á Íslandi meðal erlendra fjallaskíðamanna, og þá sérstaklega í BNA.

Rúnar bendir á að markaðssetning á ferðum af þessu tagi fari mikið til fram með nýjum hætti, yfir vefinn og með upptökum, en hann segir að flestir sem fari í þessar ferðir hafi með

sér GoPro myndavélar sem eru sérsníðnar til að taka myndir af miklum hasar. Allnokkuð af þeim myndum rati síðan á YouTube og sambærilega vefi, þar sem aðrir áhugamenn um fjallaskíði sjái landslagið og finni sér nýja ákvörðunarstaði.

Eins og margir aðrir í ferðaþjónustu á Vestfjörðum draga Borea úr starfsemi sinni yfir vet-

urinn, en stöðva hana ekki. Markmið Borea er að veita viðskiptavinum sínum heildarupplifun, og það hefur endurspeglast í fjölbreyttum rekstri. Auk ferðaþjónustunnar rekur Borea kaffihús í Bræðraborg. Rúnar segir vetraradsóknina tvímælalaust aukast ár frá ári: „Það er klárlega tækifæri í vetrinum.“

– herbert@bb.is

Rekstur mötuneytis

Rekstrarnefnd Stjórnsýsluhússins á Ísafirði óskar eftir rekstraraðila til að reka mötuneyti á 4. hæð Stjórnsýsluhússins. Um er að ræða mat í hádeginu alla virka daga.

Í húsinu starfa ca. 70 manns. Rekstraraðila verður tryggður viss fjöldi á degi hverjum.

Vinsamlegast hafið samband fyrir 18. sept. 2013. Nánari upplýsingar veitir Óli M. Lúðvíksson í síma 897 3733.

Samkaup

úrval

góðir grannar

Helgartilboð 12. - 15. september

samkaupurval.is

Ódýrt

verð áður 998 kr/kg

898 kr/kg

Lambabógur

frá Kaupfélagi Skagfirðinga



Góð kaup!

**Úrvals
íslenskar
lamba-
kótelettur**

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

verð áður 2.198 kr/kg

1.758 kr/kg

**30%
afsláttur**

verð áður 2.998 kr/kg

2.099 kr/kg

Kjúklingabringur

frá Ísfugli

...sjá uppskrift

„Hægeldað
lambalæri með
ferskum
kryddjurtum og
kartöflumús”

samkaupurval.is



Góð kaup!

**Úrvals
íslensk
lambalæri**

úr kjötborði eða pökkuð fersk

verð áður 1.698 kr/kg

1.358 kr/kg

Ódýrt

verð áður 89 kr/stk

69 kr/stk

Calypso-appelsínusafi

200ml

...sjá uppskrift

„Ferskt jógúrt-
salat með rauðum
vínberjum og
myntu”

Vínber



**50%
afsláttur**

verð áður 659 kr/kg

330 kr/kg

Skráðu þig á póstlistann á samkaupurval.is og fáðu **nýjustu tilboðin og uppskrift** í tölvupósti á hverjum fimmtudagsmorgni

Edda María nýr fjármálastjóri

Edda María Hagalín hefur verið ráðin fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar. Hún er borinn og barnfæddur Ísafirðingur, dóttir Ingibjargar Snorraddóttur Hagalín og Salmars Jóhannssonar á Ísafirði. Edda er stúdent frá Menntaskólanum á Ísafirði og með masters-gráðu í reikningshaldi og endurskoðun frá Háskólanum í Reykjavík. Hún hefur undanfarin átta ár unnið við ársreikningagerð, endurskoðun og tengd störf hjá Deloitte í Reykjavík og hefur komið að ýmsum verkefnum við rekstur félaga, færslu bókhalds og launavinnslu. Staða fjármálastjóra var auglýst í júlí og sóttu þrír um, auk Eddu. Það voru þau Eypór Björnsson, Reykjavík, Kundan R. Mishra, Reykjavík og Þórir Sveinsson, Patreksfirði. Edda María hefur störf hjá Ísafjarðarbæ þann 1. október. „Ég er mjög spennt að takast á við þetta krefjandi og spennandi verkefni. Einnig leggst það vel í fjölskylduna að flytja aftur heim á Ísafjörð“, segir Edda María.



Herdís ráðin mannauðsstjóri

Herdís Rós Kjartansdóttir hefur verið ráðin mannauðsstjóri hjá Ísafjarðarbæ og hefur hún störf 1. janúar. Hún er uppalin á Hólmavík, leikskólakennari og viðskiptafræðingur MBA að mennt og lýkur í desember MS námi í mannauðsstjórnun. Hún hefur starfað sem stjórnandi í leikskóla í ríflega áratug og hefur í starfi sínu öðlast víðtæka þekkingu á opinberri stjórnsýslu, kjarasamningum, fjárhagsáætlanagerð og mannauðsstjórnun. Að sögn Herdísar hlakkar hún til að takast á við ný og spennandi verkefni í starfi sínu hjá sveitarfélaginu. Auk Herdísar sóttu átta manns um stöðuna. Þeir voru: Angeli Schalk, Reykjavík, Anna Jörunds dóttir, Bolungarvík, Ásdís Sigurðardóttir, Grindavík, Borghildur Kristín Magnúsdóttir, Kópavogi, Finnur M. Gunnlaugsson, Ísafirði, Hallgrímur P. Gunnþórsson, Reykjavík, Karítas Skarphéðinsdóttir, Ólafsfirði og Kristín Ólafsdóttir, Reykjavík.




Sigríður Elsa skipuð héraðsdómari

Sigríður Elsa Kjartansdóttir hefur verið skipaður dómari við héraðsdóm Vestfjarða. Niðurstaða sérstakrar dómnefndar taldi að Sigríður Elsa og Arnaldur Hjartarson, hefðu verið hæfust til að hljóta skipun í embættið og var Sigríður Elsa fyrir valinu eins og að framan greinir. Sigríður Elsa er fædd árið 1966. Hún lauk embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands 1993 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1997. Hún stundar nú diplómanám á meistarastigi í alþjóðasamskiptum við stjórnmálafræðideild HÍ. Að loknu embættisprófi starfaði hún sem fulltrúi sýslumannsins á Akureyri 1994 til 1999 og síðan sem fulltrúi sýslumanns í Kópavogi til ársins 2003. Þá hefur hún starfað sem lögmaður hjá Lögberg 2003 til 2004 og sem fulltrúi ríkissaksóknara 2004 til 2006 en þá var hún skipuð saksóknari við embættið, en hún er nú í leyfi þeim störfum. Hún gegndi einnig um skamman tíma starfi saksóknara við efna-hagsbrotadeild ríkislögreglu-stjóra og hefur hún flutt mikið fjölda mála fyrir dómstólum í fyrrgreindum störfum, meðal annars um áttatíu mál fyrir Hæstarétti. Hún var einnig settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur frá nóvember 2011 til júní í ár.

Ljósveita á Vestfjörðum í haust

Samkvæmt gildandi verkáætlun Mílu stendur til að setja upp búnað til að tengja þéttbýlissvæði á Vestfjörðum við Ljósveituna í október, en í samtali við blaðamann kom fram að áætluninni gæti seinkað um eina eða tvær vikur. Í gegnum þessa þjónustu verður mögulegt að tengjast Ljósneti Símans og öðrum sambærilegum þjónustum sem bjóða talsvert hraðvirkari tengingar en almennt hafa staðið til boða á svæðinu. Ljósveitan er opið aðgangsnæti, sem þýðir að hægt er að skipta við ýmsa netþjónustuaðila til að nýta sér þjónustuna.

Ljósveitan verður þó ekki öflugasta tengingin sem í boði verður á Vestfjörðum, en nú þegar er Smartnet Snerpu orðið virkt á eyrinni á Ísafirði og nokkuð inn með Skutulsfirði og í Hnífsdal. Að sögn Snerpu er aðeins dagaspursmál hvenær tengingar verða virkar á Flateyri og Suðureyri og stutt í að boðið verði upp á þjón-



Örþunnir glerþræðir bera símtöl, sjónvarp og Internetið.

ustuna á Þingeyri og Bíldudal. Smartnetið styðst við svipaða tækni og Ljósveitan, en byggir á búnaði sem Snerpa hefur sett upp og býður upp á nokkru hraðvirkari tengingar. Bæði kerfin eru þó mjög háð gæðum heimtaugar og

fjarlægð frá símsstöð.

Áætlað er að Ljósveitan verði aðgengileg á Ísafirði, Bolungarvík, Hnífsdal, Bíldudal, Tálknafirði, Þingeyri, Flateyri, Patreksfirði og Suðureyri með haustinu eða fyrri part vetrar. Smartnetið

er aðgengilegt á Ísafirði og í Hnífsdal, og verður það fljótlega á Flateyri, Suðureyri, Þingeyri og í Bíldudal. Til stendur að auka þjónustusvæði þess enn frekar, en engin tímasetning liggur fyrir um þá aukningu.—herbert@bb.is

Fisktækniskóli Suðurnesja

Fisktækniskólinn býður upp á stutt, skemmtilegt og hagnýtt einingabært nám sem opnar þér fjölda möguleika í vel launuð störf í sjávarútvegi auk möguleika á framhaldsnámi að loknu grunnnámi

Námið er til tveggja ára og með mikla áherslu á tengingu við atvinnulífið og vinnustaðapjálfun. Námsárið skiptist í eina önn í skóla með áherslu á faggreinar og eina önn á vinnustað undir leiðsögn tilsjónarmanns. Fólk sem vill hasla sér völl í þeim greinum sem skólinn býður upp á fær því gott tækifæri að mynda góðar tengingar út í atvinnulífið auk þess að búa sig undir frekara nám. Náminu lýkur með framhaldsskólaprófi.

Fisktækniskólinn býður upp á nám í:

Fiskvinnslu, sjómennsku, fiskeldi og netagerð

Samstarfsaðilar Fisktækniskólans eru:

Einhamar ehf, Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur, Stakkavík ehf, Verkalyðs- og sjómannafélag Keflavíkur, Verkalyðsfélag Grindavíkur, Vísir ehf, Þorbjörn ehf, Próttur ehf



Fisktækniskólinn
Icelandic College of Fisheries

Vikurbraut 56
240 Grindavík
Sími: 412 5940

www.fiskt.is
www.facebook.com/fisktaeknikskoli
info@fiskt.is





ÚTSALA

ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR!

LAGERHREINSUN

aðeins brot af úrvalinu



5 ÁRA
ÁSVRGD
30 DAGA
SKILARETTUR

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 92.900
NÚ 73.990 kr.

pú sparar: 18.910 kr

pvottavél Electrolux
EWP1064TDV, 1000 snúninga, 6 kg.
1805656



5 ÁRA
ÁSVRGD
30 DAGA
SKILARETTUR

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 99.900
NÚ 79.900 kr.

pú sparar: 20.000 kr

þurrkari Electrolux
EDE77550W, með barka og rakaskynjara.
1805423



SPRENGJU-
TILBOÐ!
GILDIR AÐEINS
FIM.-SUN.

ERIKA

3 stk. aðeins
999kr



STRAUJÁRN
30%
AFSLÁTTUR!

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 4.328
NÚ 2.990 kr.

Gufustraújárn
2000W DB765
1840860



5 ÁRA
ÁSVRGD
30 DAGA
SKILARETTUR

ORKUNYTING
A+

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 77.900
NÚ 58.425 kr.

Frystikista 203 ltr.
G215, Orkunýting A+
84.5x94x55 cm
1805482

FRYSTI
KISTUR
25%
AFSLÁTTUR!



ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 10.895
NÚ 7.626 kr.

Höggborvél
Black&Decker KR504CRE
5245599

RAFMAGNS
VERKFAERI
20-30%
AFSLÁTTUR!



ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 5.499
NÚ 3.299 kr.

Skrúfjárnasett
Stanley 1000 V, 6 stk
5010389

HAND
VERKFAERI
20-40%
AFSLÁTTUR!

BLÖNDUNAR
TÆKI
20-25%
AFSLÁTTUR!

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 17.990
NÚ 13.395 kr.

Blöndunartæki
Eden, eldhús, einnarhandar.
7900023



BÚSÁHÖLD
30-50%
AFSLÁTTUR!

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 10.990
NÚ 7.690 kr.

Eldhúshnifar
litaðir 5 stk.
2000874



FLÍSAR
30%
AFSLÁTTUR!

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 2.288kr/m²
NÚ 1.584 kr/m²

Flís Blanco Brillo
15x15 cm glans hvítt.
8600014

LOFTPRESSUR
LOFTVERKFAERI
20%
AFSLÁTTUR!

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 24.895
NÚ 19.916 kr

Loftpressa Stanley 210
2 Hp (1.5kW), 8 bar, 240 ltr.
24 ltr tankur. 5255102



blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Vanda þarf betur til útboða á sjúkraflugi

Að mati Ríkisendurskoðunar þarf velferðarráðuneytið að vanda betur til útboða á sjúkraflugi og innanríkisráðuneytið þarf að taka formlega ákvörðun um aðkomu Landhelgisgæslunnar að sjúkraflugi, að því er segir í skýrslu sem Ríkisendurskoðun birti í síðustu viku. „Skilmálar vegna útboðs á sjúkraflugi árið 2012 tóku mið af faglegum kröfum. Tímastærðir í útboðinu voru hins vegar of knappir og samningstíminn óvenjulega skammur. Þar höfðu hugmyndir um að fela Landhelgisgæslunni að annast almennt sjúkraflug veruleg áhrif. Ekki hefur þó verið metið með fullnægjandi hætti hvort sá mögu-

leiki er hagkvæmur eða framkvæmanlegur. Mikilvægt er að innanríkisráðuneytið kanni það með formlegum hætti. Þá þarf velferðarráðuneytið að móta framtíðarstefnu um sjúkraflutninga,“ segir í skýrslunni.

Þar kemur einnig fram að velferðarráðuneytið taki undir að vanda þurfi til útboða sjúkraflugs og hefur verið leitað við að haga málum þannig að svo verði. Þá ætli ráðuneytið að fara yfir útboðsferlið með það fyrir augum að meta hvort á því megi gera úrbætur. Í tilefni af ábendingum Ríkisendurskoðunar bendir innanríkisráðuneytið á að Landhelgisgæslan hefur nú þegar umtals-

verða aðkomu að sjúkraflugi hér á landi og að í undirbúningi gerð langtímaáætlunar um Landhelgisgæslu Íslands og verði hugmyndir Ríkisendurskoðunar skoðaðar í tengslum við hana og í samvinnu við velferðarráðuneytið hvað þennan þátt varðar.

Í skýrslunni er farið yfir hvert svæði fyrir sig og um Vestfjarðarsvæðið segir meðal annars:

„Heildartími sjúkraflugs frá Vestfjörðum og Vestmannaeyjum, þ.e. tíminn sem liður frá því að beiðni berst þar til sjúklingur er kominn undir lækni-hendur á áfangastað, hefur aftur á móti lengst að meðaltali eftir að aðsetur sjúkraflugvéla var flutt

til Akureyrar. Samanburður á útköllum á Vestfjörðum á árunum 2005-2012 vegna atvika þar sem sjúklingur var talinn í bráðri eða mögulega bráðri lífshættu sýndi að þau tóku að meðaltali um tveimur mínútum lengri tíma þegar sjúkraflugvél hafði aðsetur á Akureyri en þegar hún var staðsett á Ísafirði.“ Ljóst þykir að þessi munur geti skipt sköpum en ráðuneytið telur þó að öryggi sjúklinga sé ekki ógnað.

„Mikilvægt er að hafa í huga að þó mínútur geti skipt sköpum í sjúkraflutningum hefur aðbúnaður sjúklinga og aðstaða lækna, sjúkraflutningamanna og aðstandenda veruleg áhrif. Mýflug

sinnir sjúkraflugi á norðursvæði, þ.m.t. á Vestfjörðum, og í Vestmannaeyjum nær eingöngu með sérútbúinni sjúkraflugvél, menntuðum sjúkraflutningamönnum og læknum frá Sjúkrahúsinu á Akureyri. Þetta stuðlar að auknu öryggi sjúklinga, heilbrigðisstarfsfólks og aðstandenda meðan á flutningi stendur sem og landsmanna allra. Í umsögn sinni í júní 2013 um drög að þessari skýrslu tók velferðarráðuneytið fram að það teldi ekki að lengri heildartími ógnaði öryggi sjúklinga þar sem sjúkrahús með skurðstofuvakt væri stutt frá flugvelli sem gæti sinnt sjúklingi fram að flugi,“ segir í skýrslunni.

Nægir ekki lengur fögur fyrirheit bæjaryfirvalda

Jón Heiðar Guðjónsson eighandi Ferðapjónustunnar í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp hefur sent Ísafjarðarbæ erindi þar sem svars er óskað um fyrirætlanir sveitarfélagsins vegna deiliskipulags í Reykjanesi. Í erindi Jóns Heiðars kemur m.a. fram að fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar hafi því verið lofað að deiliskipulag fyrir Reykjanes yrði sett í forgang og því hraðað. Öllum fyrirspurnum ferðapjónustunnar hefur verið svarað jákvætt og málið sagt í ferli. Vöntun á deiliskipulagi sé ástæða þess að ekki hafi fengist varanleg leyfi vegna framkvæmda á svæðinu. Einnig segir í bréfinu:

„Nú er svo komið að við erum búin að leggja í tugmilljóna kostnað vegna verkefna/framkvæmda sem hafa einungis

fengið bráðabirgðaleyfi og sum afturkölluð. Má þar nefna sölu-skála og bensínafgreiðslu, snúningsplan fyrir stærri bifreiðar s.s. fyrir rútur og vöruflutningabifreiðar, bundið slitlag, tjaldsvæði, þjónustuhús og aðstaða fyrir tjaldsvæði, sjópotta, rotþrær og nú síðast stækkun á Saltverki Reykjanes. Okkur nægir ekki lengur fögur fyrirheit við óskum eftir aðgerðum. Ef aðgerða er ekki að vænta, þá vonumst við til að fá svar um hver raunverulegur hugur sveitarfélagsins er til svæðisins og uppbyggingu þar. Við getum ekki annað en túlkað þetta framkvæmdaleyfi öðruvísi ensvo að ekki er neinn áhugi hjá Ísafjarðarbæ fyrir að það sé rekstur í Reykjanesi né uppbygging. Í dag erum við alvarlega að skoða

þær forsendur sem liggja til grundvallar á rekstri og uppbyggingu í Reykjanesi.“

Bæjarráð óskaði eftir greinargerð frá sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, en ítrekaði að Ísafjarðarbær komi að þessu máli sem landeigandi.

Á fundi umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar í maí 2010 létu nefndarmenn bóka að þeim þætti leitt hversu langan tíma afgreiðsla erindis frá Ferðapjónustunni í Reykjanesi við Djúp hefur tekið en það barst fyrst í október 2009. „Þarna er um mismunandi sjónarmið að ræða en ekkert deiliskipulag er af svæðinu. Umhverfisnefnd leggur til við bæjarstjórn að farið verði í deiliskipulagsvinnu á Reykjanesi og að þeirri vinnu verði hraðað eins og kostur

er með framtíðarhagsmunum svæðisins í huga,“ segir í fundarbókun. Síðan eru liðin rúmlega þrjú ár. Á fundi umhverfisnefndar í október 2012 voru lögð fram drög að deiliskipulagstillögu og greinargerð fyrir Reykjanes við Djúp.

Gert er ráð fyrir að lögð verði fram endanleg tillaga að deiliskipulagi fyrir Reykjanes í september að sögn Jóhanns Birkis Helgasonar bæjartækni- og fræðings. En hver er ástæðan fyrir þessari miklu seinkun? „Þegar þetta fór í umsagnarferli vildi Húsafriðunarnefnd láta gera bæja- og húsakönnun á svæðinu. Það hefur aðeins setið á því hjá okkur að klára hana og öðrum skipulagsverkefnum verið kippt fram fyrir í röðinni. Höfum bara þurft að forgangsraða,“ segir Jóhann Birkir.

Samkvæmt 23. grein skipulags- og byggingarlaga 73/1997 er skylt að gera bæja- og húsakönnun samhliða gerð deiliskipulags og hún höfð til hliðsjónar við gerð deiliskipulagstillögunnar. „Þannig er tryggt að nægileg þekking sé til staðar til að taka upplýstar ákvarðanir um verndun gæði byggðar og einstakra húsa og til að móta hið byggða umhverfi til framtíðar. Bæja- og húsakönnun er sjónlistarleg og byggingarlistarleg skoðun, greining, úttekt, mat og skráning bæjarumhverfis og einstakra bygginga og studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda. Þannig fæst yfirsýn yfir bæi, bæjarhluta, þéttbýlismyndun og hús í þéttbýli og dreifbýli,“ segir á vef Minjastofnunar Íslands.

Sveitarstjórnarkosningar og pósturinn

Innan við nú mánuðir eru nú til sveitarstjórnarkosninga. Enn eru þær lítt ræddar á opinberum vettvangi. Margt dregur að sér athyglina. Ný ríkisstjórn er að hefja starfstíma sinn og satt best að segja er gagnrýni mikil. Hún snýr einkum af hálfu hins opinbera útvarps allra landsmanna að Evrópusambandinu og hvort ekki eigi að fara að kröfu þeirra sem vilja kjósa, þótt nýlega hafi verið kosið til Alþingis. Í þeim kosningum var stefna af hálfu núverandi stjórnarflokka skýr. Aðildarviðræðum skyldi hætt. Enn hefur ríkisútvarpinu tekist bara bærilega að halda glóðinni lífandi í þeim eldinum. Ekki hefur heldur skort á að gagnrýna þá sem vilja halda flugi innanlands í Reykjavík. Svo vill til að hún er höfuðborg Íslands. Margir sem þar búa vilja þó hafa hana höfuðborg Reykjavíkur. Af því verður sú ályktun ein dregin að að hinir sem annars staðar búa megi eiga sig og alls ekki koma fljúgandi til Reykjavíkur til að sækja þjónustu hins opinbera, þar með talið Landspítalans.

Eiginlega er þetta eina kosningamálið sem virðist í uppsiglingu þegar tæpur meðgöngutími er til kosninga. Þó örlar á ræðu um skólamál í Reykjavík, götur, hjólræiðar og útrýmingu bíla, en þeir eru einnig farartæki utanborgarbúa til að komast til Reykjavíkur.

Ef eitthvað er að marka lækinn sem stjórnar höfuðborginni með dyggri aðstoð skemmtanastjórans, sem marg oft hefur lýst því að hann hafi lítið vit á því sem borgarstjóra er ætlað að starfa, virðist það svo að allt skuli gert til að halda utanborgarfólki frá borginni. Það er afleið afstaða, sem virðist kalla á klofning meðal landsmanna, Íslendinga og annarra sem búa á Íslandi. Auðvitað er brýnt að nú skýrist hvað íbúar sveitarfélaganna á Íslandi koma til með að kjósa um, hvert val þeir hafa. Er það ekki svo að allir íbúar hafi sameiginlega hagsmuna að gæta þegar að því kemur að tryggja framtíð búsetu á Íslandi? Skipta kannski útlendir ferðamenn meira máli í Reykjavík?

Meira mætti heyrast frá sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum um mikilvæga hagsmuni íbúa og hvernig stjórnmalamenn og –flokkar hyggist leggja þau fyrir kosningar á næsta vori. Hér með er skorað á þá að lyfta nú lokinu af kistunni sem geymir áformin um betri kosti fyrir okkur. Eitt er þó víst að vonandi þurfa kjósendur ekki að treysta á póstkosningar næsta vor ef bréf eru 13 daga á leiðinni milli húsa á Ísafirði með viðkomu í Reykjavík. Er Pósturinn ef til vill sú framtíðarsýn sem kemur frá Reykjavík?

Það væri slæmt.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað viku-lega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrif- um **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



HAUSTSLÁTRUN 2013 HAUSTSLÁTRUN 2013 HAUSTSLÁTRUN 2013



Haustslátrun 2012 Haustslátrun 2012 Haustslátrun 2012 Haustslátrun 2012



Frosin lambalifur

Frosið lambafillet

Frosið lambalæri

Haustslátrun 2012 Haustslátrun 2012 Haustslátrun 2012 Haustslátrun 2012 Haustslátrun 2012 Haustslátrun 2012 Haustslátrun 2012



FIMMTUD. OPIÐ
11:00-18:30

BONUS EKKERT BRUÐL



FIMMTUD. OPIÐ
11:00-18:30

Vestfirðingur vikunnar

er Linda Björk Pétursdóttir deildarstjóri hjá Síma-verinu á Ísafirði

Hvað ertu að gera þessa dagana?

Ég er nýbyrjuð að vinna eftir smá sumarfrí. Er að koma mér og fjölskyldunni í rútínuna og undirbúa komandi haust.

Hvaða fjögur orð lýsa þér best?

Opin, hress, félagslynd, sálkeri.

Hvernig færðu útrás fyrir gremju?

Ég tek til. Annars er ég yfirleitt í góðu skapi. Nema þegar ég er svöng!

Í hvernig klæðnaði líður þér best?

Mér líður vel þegar ég er rosalega fín og sparileg, en náttbuxur og hlýrabolur er best heima.

Hver er mesta eftirsjá þín í lífinu?

Ekkert sem ég get nefnt sérstaklega. Ég hefði kannski átt að halda áfram píanónáminu, verða almennilega partýfær! En það er svo sem hægt að æfa sig í því.

Hver er óvenjulegasta lífsreynsla sem þú hefur lent í?

Sú óvenjulegasta og jafnframt sú erfiðasta er hormóna meðferð fyrir glasa-

frjövgun. Skapsveiflurnar og tilfinningarússíbaninn var rosalegur.

Hefurðu komplexa?

Nei.

Hver er besta kvikmynd allra tíma?

Get horft aftur og aftur á Sound of Music og Vesalingana. Elska svona söngvamyndir! Forrest Gump er líka í uppáhaldi og til að nefna einhverja teiknimynd líka þá er Shrek alltaf fyndinn!

Hvernig Facebook-týpa ertu?

Þessi ofvirka. Á yfir 820 vini, alltaf að skoða allt og taka þátt í umræðunni. Er í mörgum grúbbum, set inn myndir næstum daglega og tek þátt í alls konar leikjum hjá fyrirtækjum og spjalla við fjölskyldu og vini. Versnaði bara eftir að ég fékk snjallsíma! Instagram og Snapchat er ekkert skárra! En hey! Ég var að vinna grillveislu frá Goða á Instagram svo þetta borgar sig alveg sko.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Tuð, leiðinlegt fólk, drasl, sóðaskapur og hundaskítur!

Hefur þú gert uppreisn?

Nei, ég reyni frekar að finna lausn á málunum.

Hver er eftirlætis bókin þín?

Er ekki mikil bókamanneskja. Sennilega einhver matreiðslubók með girnilegum myndum.

Áttu þér óuppfylltan draum?

Já, að læra söng og fara í heimsreisnu.

Hvernig bregstu við höfnun?

Fer kannski í filu í smá stund, svo er bara að halda áfram.

Hver er þín versta martröð?

Að tapa heilsunni eða að eitthvað komi fyrir fjölskylduna mína. Svo er ég sjúklega hrædd við kríur!

Hvert er helsta takmark þitt í lífinu?

Að búa börnum mínum gott líf og hafa það gott með fjölskyldunni.

Hvenær og hvar ertu hamingjusömust?

Hvar sem er, þakksödd (og að borða eftirrétt!) eftir frá-

bæran mat í faðmi fjölskyldunnar. Eða í hláturskasti með vinkonum mínum!

Hver er besta setning eða orðtak sem þú hefur heyrt?

„Þetta reddast“. Mjög íslenskt og ég nota það mikið. Einnig alls konar grínfrasar sem ég hef lagt á minnið í gegnum árin. Get talið upp endalaust!

Hvaða fræga persónu mundir þú vilja vera og af hverju?

Væri til í að vera Ellen DeGeneres, hún á fullt af peningum sem hún notar til að gleðja aðra og koma fólk á óvart. Hún hittir líka svo mikið af öðrum frægum, fer í allskonar partý og svo er hún sjúklega fyndin!

Hvar er fallegast á Vestfirðum að þínu mati?

Ég er svo heppin að eiga ættir að rekja í tvær fallegar sveitir á Vestfirðum, Ástún á Ingjaldssandi og Bæi á Snæfjallaströnd. Þar er mjög falllegt og gott að vera og slappa af með fjölskyldunni.

Hvar er fallegast á landinu

öllu (fyrir utan Vestfirði)?

Ásbyrgi. Hef einu sinni komið þangað og mér fannst geðveikt að standa á útsýnisklettinum og horfa yfir svæðið. Vantaði bara risaeðluhálsana upp úr trjánum!

Hvaða stað í heiminum langar þig til að heimsækja?

Ég væri til í að fara til Ástralíu. Langar að knúsa kengúru og kóalabjörn.

Ertu bjartsýn(n) á framtíð Vestfjarða?

Já mjög bjartsýn. Hér vil ég vera og vona að enn fleiri átti sig á því líka. Það er fullt að gerast herna og við getum bara orðið betri!

Hvað skortir á Vestfirði að þínu mati?

Alþjóðaflugvöll og Ikea.

Hvernig hljóma síðustu SMS-skilaboð sem þú fékkst í símann þinn?

Fanný vinkona sendi mér "hæ stelpur, ég ætla að fá mér kaffi á Húsinu í kvöld, eruði með?" Átti mjög kósý stelpukvöld með mömmuklúbbnum. Mikið talað og hlegið!

Sælkerar vikunnar eru Þórhildur Björnsdóttir og Albert Guðmundsson í Bolungarvík

Skötuselur og aðalbláberjakaka

Það hefur verið óvenju gestkvæmt hjá okkur í sumar og þá hef ég mikið boðið uppá fisk. Það sem helst sló í gegn hjá öllum gestunum bæði erlendum og innlendum var skötuselur í mangó-chutney sósu og bláberjabaka í eftirrétt sem ég ætla að setja hér inn.

Skötuselur í Mangó-chutney sósu

1 stk góður skötuselshali ca. 1 -1,2 .kg
1 tsk rautt karrý mauk
1 tsk karrý.
½ dós. mangó chutney (sweet)
1 stk stór hvítlauksgeiri
½ ltr rjómi
1 stk grænmetisteningur og 1 stk fiskiteningur.
4-5 msk smjör til að steikja uppúr

Salt og pipar

Hreinsa skötuselinn og skera hann í jafna bita. Hræra saman karrýinu karrýmaukinu og mangó-chutney, afhýða hvítlaukinn, pressað hann og setjið hann útí. Hitið rjómann aðeins og bræðið grænmetis og fiskiteninginn. Bætið síðan þessu útí karrýið.

Hitið smjórið á pönnu steikið skötuselinn í um 1. mín á hvorri hlið, kryddið smá með salti og pipar. Raðið skötuselnum svo í eldfast form og hellið karrýmaukinu með rjómanum í yfir, hyljið fiskinn vel.

Bakið í 10 -12 mín við 200°.

Þennan rétt borðuðum við með fersku góðu salati og brúnum hrísgrjónum.

Í eftirrétt bauð ég uppá aðalbláberjaböku með mjúkís.

Aðalbláberjabaka

1 ½ dl spelt
½ dl púðursykur
½ dl sykurl
Purrefni
3 dl haframjöl
½ tsk matarsódi
½ dl kókosmjöl
150 gr bráðið smjör
250-300 gr aðalbláber (úr Hestfirði)
½ dl kókosmjöl (til að strá ofaná)
½ - 1 dl möndlu flögur

Blanda saman purrefnunum öllum í skál bræða smjórið og blanda því vel saman við.

Setjið helminginn af deiginu í eldfast mót og þrýstið því létt í botninn.

Setjið berin yfir og síðan afganginn af deiginu þar ofaná.



Stráðið ½ dl af kókosmjölinu og möndluflögunum yfir. Bakið í miðjum ofninum við 180° í 15-20 mín.

Gott er að bera þessa böku fram heita með mjúkís.

Það er ekkert mál að búa til nokkrar svona bökur og eiga í

frystir. Taka síðan út þegar þarf og baka þær í ofninum.

Við ætlum að skora á Steinunni Guðmundsdóttur aðstoðarskólalastjóra í Grunn-skóla Bolungarvíkur þ vera næsti sælkeri vikunnar.

Nafn:
Linda Björk Pétursdóttir
Aldur:
32 ára
Atvinna:
Deildarstjóri hjá Símmaverinu ehf á Ísafirði
Stjörnumerki:
100% fiskur
Maki:
Elmar Björgvin Skúlason
Börn:
Rebekka 11 ára og Daníel Ingi eins árs



**Fullt af nýjum
haust- og
vetrarfatnaði
í stærðum 36-58**

**Aðhalds- og
undirfatnaður
í öllum
stærðum**

**Tilboð og
afslættir
[allt að 70%]
af völdum vörum**

FATAMARKAÐUR VERÐUR Í FÉLAGSHEIMILINU Í HNÍFSDAL

**Flott fót fyrir
flottar konur
frá dönskum
og þýskum
framleiðendum,
t.d Triumph, Studio,
Gozzip, Wearhouse,
Occupied og
mörgum fleirum**

*Föstudaginn 13. sept frá kl. 13-21 og
laugardaginn 14. sept frá kl. 11-16*

**Íslensku Kasý
sundfötin og
Anítu þýsku
sundfötin**



**Hafnarstæti 99-101 (Amaróhúsinu)
og Glerártorgi Akureyri
Sími 414 9393 og 848 4829**

Sólrún Geirsdóttir ólst upp í Bolungarvík og hefur búið þar alla sína tíð, að frátöldum sjö námsárum í Reykjavík og Þýskalandi. Hún hefur aðeins átt lögheimili í tveimur húsum í heima-
bæ sínum, annars vegar í for-
eldrahúsum og hins vegar þar
sem hún og eiginmaður hennar,
Jónas Guðmundsson sýslumaður,
hafa átt heima frá því þau
höfu búskap fyrir rúmlega tveimur
áratugum.

„Við Jónas kynntumst í Bolungarvík fyrir tuttugu og tveimur árum en þá var hann búinn að vera í hér í tæpt ár sem sýslumaður og ætlaði aldrei að vera nema eitt til tvö ár enda Reykavíkingur í húð og hár. Það hefur vofað yfir okkur frá upphafi að embætti hans yrði sameinað „stóra bróður“ á Ísafirði eða lagt niður – en við tórum hér enn.



13. SEPT - 17. SEPT
★ **Ísaharðarbið** ★
Elsta samfelld starfandi bíó á Íslandi
DOLBY DIGITAL 3D Facebook Ísaharðarbið skemmtun.is

AULINN ÉG 2
SÝND Í 2D OG 3D M/ ÍSL TALI
OG Í 2D M/ ENSKU TALI OG ÍSL TEXTA

FÖSTUDAG 13. SEPT KL 8 ENSK + TEXTI
LAUGARDAG 14. SEPT KL 3 3D ÍSL TAL
SUNNUDAG 15. SEPT KL 2 2D ÍSL TAL
SUNNUDAG 15. SEPT KL 4 3D ÍSL TAL

TRUST NO ONE
HÁSPENNUNYND Í BÍÓ
PARANOIA
LAUGARDAG 14. SEPT KL 8
ÞRIÐJUDAG 17. SEPT KL 8

NÝJA LUC BESSON MYNDIN
ÞESSA VERÐUR ÞU AÐ SJA!
MALAVITA
SUNNUDAG 15. SEPT KL 8
MÁNUDAG 16. SEPT KL 8

Framan af þótti mér þetta óþæglegt en svo þegar aldrei gerðist neitt, þá breytti ég um kúrs og hugsaði bara „den tid – den sorg“.

Annars er Jónas orðinn svo mikil landsbyggðarotta að ég efast stundum um að hann eigi afturkvæmt í 101 eða nágrenni, samanber til dæmis gríðarlegan áhuga hans á samgöngumálum,“ segir Sólrún. Börnin þeirra þrjú, Halldóra (19 ára), Þórhildur Bergljót (16 ára) og Einar Geir (10 ára), eru barnfædd í Bolungarvík og hafa átt heima í sama húsinu alla sín tíð. Jónas á einnig eina stelpu, Helgu Theodóru (24 ára).

Ætlaði alltaf að verða framhaldsskólakennari

Sólrún nam íslensku og þýsku, auk kennararéttindanáms, við Háskóla Íslands. „Ég ætlaði alltaf að verða framhaldsskólakennari en þar sem ég settist að hér og gat ekki hugsað mér að stunda vinnu handan Óshlíðarinnar, þá ákvað ég að kenna eitt til tvö ár í Grunnskóla Bolungarvíkur (GB) en endaði á að kenna þar alls fimmtán ár, með þremur mislögum barneignafrúm inni á milli. Ég kenndi einkum íslensku og erlend tungumál – en annars bara það sem til féll eins og gengur og gerist í svona litlum skóla.

Fyrstu árin reyndi þáverandi skólameistari Menntaskólans á

Ísafirði (MÍ) árlega að fá mig til að koma og kenna þar – en án árangurs. Loks vorið 2007 hætti ég í GB og fékk þá óvænt upp í hendurnar forfallakennslu í MÍ og var þar einn vetur. Í janúar 2008 hófst svo kennsla í frumgreinadeild Háskólaseturs Vestfjarða og þar hef ég kennt síðan, alltaf íslensku en einnig um tíma þýsku og tölvufræði. Fyrstu annirnar var um að ræða bæði staðnám og fjarnám en síðustu árin hefur eingöngu verið um að ræða fjarkennslu á fyrstu önn í samstarfi við Háskólann í Reykjavík (HR).

Vestfirðingar gera sér líklega almennt ekki grein fyrir því að við kennum fyrstu önnina héðan frá Ísafirði þeim nemendum sem skrá sig í frumgreinanám hjá HR og flestir þeirra eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Framan af komu nemendur vestur tvisvar á önn yfir helgi í staðarlötu – en síðustu annirnar höfum við kennarnarnir farið suður og kennt tvær helgar í HR. Að lokinni fyrstu önninni halda nemendur svo áfram námi í HR – ýmist í staðnámi eða fjarnámi. Þetta er alls fjögurra anna nám, ætlað nemendum 25 ára og eldri sem ekki hafa stúdentspróf en hyggja á háskólanám,“ segir Sólrún.

Frá þessu eina ári í MÍ hefur hún vonast eftir að komast þangað inn aftur en það hefur ekki gengið fyrir en núna: „Ég er

að fara þar í hálfa stöðu sem þýskukennari og hlakka mikið til – enda er helsti ókostur fjarkennslunnar að maður hittir nemendur svo lítið og samskipti við þá fara nær eingöngu fram í gegnum tölvupóst. Það hefur auðvitað sína kosti að geta hagrætt kennslunni og tekið tímana upp og farið yfir verkefni þegar manni hentar. En ég sakna návígisins við nemendur og ekki síður samkennara. Því horfi ég með tilhlökkun til komandi skólaárs þar sem ég mun bæði kenna í MÍ og HR.“

Leiðsögukonan Sólrún elskar landið sitt

Vorið 1992 tók Sólrún próf frá Leiðsöguskóla Íslands og meðfram kennslu og húsmóðurstörfum hefur hún síðan stundað leiðsögn þýskumælandi ferðamanna. „Leiðsögnina hef ég stundað núna í rúm tuttugu ár, mismikið eftir aldri og þroska barnanna minna. Ef ég er heima á sumrin vinn ég einkum við skemmtiferðaskipin en mér þykir skemmtilegast er að fara í hringferðir um landið sem taka eina til tvær vikur. Þá gisti ég ásamt hópnum á hótélum og við keyrum 200 til 400 kílómetra á dag og stoppum og skoðum það sem áhugavert er. Þetta er virkilega skemmtilegt starf – ég elska Ísland og finnst

frábært að vinna við að sýna það gestum. Ég fæ stundum að heyra það að ég sé greinilega stolt af landinu mínu og það finnst mér ekki slæmt, held að það geri leiðsögnina persónulegri og innilegri.

En þetta er ekki alltaf dans á rósum – veðrið hefur auðvitað mikið að segja – ef sólin skín og skyggnið er gott, þá er starf leiðsögumannsins létt og löðurmannlegt en þegar maður lendir í rigningu og þoku dag eftir dag og ekkert sést – þá reynir virkilega á mann. Þá skiptir miklu að reyna að slá á léttu strengi og gera það besta úr öllu.

Svo getur maður lent í öllu mögulegu. Einu sinni fór ég í vikuhringferð sem ég kalla „slysaferðina“ – þá þurfti ég þrisvar að leita læknis með farþega. Þetta sama ár lenti ég svo í ferð sem ég kalla „óveðursferðina“ en þá lentum við í því líku roki í Örafum í byrjun júlí. Við vorum í Skaftafelli og ætluðum að fara þaðan í siglingu á Jökulsárlóni – innan við klukkustundar akstur. En okkur var hreinlega bannað að keyra þá leið þar sem vindurinn mældist yfir 40 metrar á sekúndu (m/sek) í hviðum. Við þurftum því að bíða í nokkra klukkutíma eftir grænu ljósi til að halda áfram.

Ég byrjaði á að bjóða fólkinu í aukagönguferð í Skaftafelli (vorum búin að ganga að Svartafossi) – þeir hraustustu slógu til og við

Leiðsögu- konan elsk- ar landið sitt Ísland

vorum eins og hundar dregnir af sundi eftir klukkutíma barning á móti storminum. Svo færðum við okkur að sjoppunni í Freysnesi og horfðum á Vegagerðarskiltið í tvær til þrjár klukkustundir og biðum þess að vindurinn færi undir 30 m/sek. Þar las ég úr nokkrar þjóðsögur og spjallaði um daginn og veginn. Farþegarnir sem ekki þekktu fyrirbærið m/sek voru frekar vantrúaðir á að það væri virkilega eins hvasst og við bílstjórninn héldum fram. En þegar við loksins mjökuðumst af stað á móti veðrinu á um það bil 50 km hraða og sáum húsbílana liggjandi utan vegar og alla jakana á lóninu komna upp að vesturbakkanum, þá trúðu þeir okkur loksins og viðurkenndu að þetta hefði líklega verið það eina rétta í stöðunni," segir Sólrún.

Hvað er þetta hvíta í fjöllumunum?

Það er alltaf ekki tekið út með sældinni að leiðsegja erlendum ferðamönnum og stundum dynja ansi kynlegar spurningar á Sólrúnu. „Maður fær stundum ótrúlega furðulegar spurningar og athugasemdir, reyndar helst frá Bandaríkjamönnum. Einu sinni var ég spurð hvað þetta hvíta væri í fjöllumunum – ég var talsverðan tíma að átta mig á hvað manneskjan ætti við en spurði loks á móti: „Ertu að meina snjó-

inn?“ – og þannig var það. Ég hef líka verið spurð hvernig bændurnir fari eiginlega að því að raða kindunum þannig niður að þær séu alltaf þrjár í hóp. Í sumar varð ég vitni að álíka gáfulegri spurningu þegar ég var með þýskan hóp í Vigur og á göngu um eyjuna var Sunna Sturludóttir að segja frá því að sama fjölskyldan hefði búið í eyinni í 130 ár ef ég man rétt – þá spurði bandarísk kona hvernig eyjaskeggjar færu þá eiginlega að því að fjölga sér. Sunna áttaði sig engan veginn á spurningunni því hún var svo yfirtengilega fátánleg," segir hún.

Í sumar hefur Sólrún farið tvær hringferðir sem leiðsögukona og tvær eru eftir, en í síðustu ferð var veðrið frekar óheppilegt. „Við sáum til dæmis ekki eitt einasta fjall fyrstu tvo dagana. Það tók virkilega á – sérstaklega þar sem sumir farþegar virtust halda að ég stæði fyrir þessu leiðindaveðri! En við fengum einn æðislegan dag í Landmannalaugum og á Fjallabaki og það bætti allt hitt upp enda er það svæði algjör paradís á jörðu.

Ég er stundum spurð hvort Þjóðverjar séu ekki erfiðir og frekir en ég er alls ekki sammála því. Þeir henta mér mjög vel því þeir eru almennt áhugasamir og nenna að hlusta á það sem ég hef að segja. Þeir eru líka stundvísir og nákvæmir og yfirleitt vel út-

búnir til að takast á við hvers kyns íslenskt veðurlag. Ef þeir fá það sem þeir telja sig eiga að fá, þá eru þeir sáttir – hins vegar er vonlaust að reyna að sleppa einhverju sem er „í prógramminu“ því þá telja þeir að verið sé að svíkja þá. Þeir vilja sem sagt fá það sem þeim ber – þá eru þeir kurteisir og jákvæðir," segir Sólrún.

Mamma er mín stóra fyrirmynd

Foreldrar Sólrúnar, Una Halldóra Halldórsdóttir og Geir Guðmundsson, búa líka í Bolungarvík og hún er afar þakklát fyrir að hafa þau í næstu götu.

„Mamma er mín stóra fyrirmynd í lífinu og það eru mikil forréttindi fyrir mig og fjölskylduna að hafa þau svona nálægt. Þau eru bæði komin yfir áttætt og hafa alltaf verið dugleg að passa fyrir mig og gera mér enn kleift að stinga af frá fjölskylduninni í nokkrar vikur á sumrin þegar ég fer á vertíð suður til að sinna leiðsögumannsstarfinu. Þau eru svo ótrúlega hress og dugleg og eru svo heppin að fá að eldast saman og geta hugsað um sig sjálf. Við fjölskyldan njótum svo góðs af því, ekki síst börnin sem alltaf hafa getað gengið að ömmu og afa á vísun stað," segir hún að lokum.

– harpa@bb.is

Þjónustuauglýsingar

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N
SEXTHU OG SEX NORÐUR

Sjóvinnufatnaður
Stígvél og vettlingar

Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



**Öll almenn
húsasmíði**

Bolungavík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580



Suðurgötu 9



Geirnaglinn ehf

Trésmíðaverkstæði
Strandgötu 7b
400 Ísafirði
Sími: Þórhallur 848 2087
Sími: Magnús 862 3122
www.geirnaglinn.is



Gámapjónusta
Vestfjarða ehf

TVISTURINN

2x18 lítra á sleða.
Mál: 31 x 46/36cm

Sími: 456 3710
gamarvest.is





Boltinn í beinni...

Laugardagur 14. september

kl. 11:35 Man. Utd. Crystal P.
kl. 14:00 Tottenham - Norwich
kl. 14:00 Sunderland - Arsenal
kl. 14:00 Hull - Cardiff
kl. 14:00 Stoke - Man. City
kl. 14:00 Fulham - West Brom.
kl. 14:00 Aston V. - Newcastle
kl. 16:15 Everton - Chelsea
kl. 18:55 Barcelona - Sevilla
kl. 20:55 Villareal - Real M.

Sunnudagur 15. september

kl. 15:00 South.pton - West H.

Mánudagur 16. september

kl. 18:45 Swansea - Liverpool

Þriðjudagur 17. september

kl. 18:30 Man. Utd. - Leverkusen.
kl. 18:35 Kobenhavn - Juventus
kl. 18:35 Bayern M - CSKA

Miðvikudagur 18. september

kl. 18:30 Barcelona - Ajax
kl. 18:35 Chelsea - Basel
kl. 18:35 Marseille - Arsenal

Dagar Íslands

12. september 1985: Fallhlíf-arstökkvarar frá Akureyri settu Íslandsmet í greininni þegar þeir stukku úr 21.000 feta hæð. Þeir féllu í tvær mínútur á 220 km hraða áður en fallhlífarnar voru opnaðar.

13. september 1982: Borgarfjarðarbrúin var vígð, en umferð um hana hófst árið áður. Með brúnni stýttist leiðin milli Akraness og Borgarness úr 69 í 38 km. Framkvæmdir stóðu í sjö ár. Brúin er 520 metrar.

14. september 1950: Flugvélin Geysir brotlenti á Bárðarbungu í Vatnajökli, á leið frá Luxemborg til Reykjavíkur. Sex manna áhöfn komst lífs af. Flugvélin fannst ekki fyrr en fjórum dögum síðar.

15. september 1981: Risa-lúða veiddist út af Rit. Hún var 268 cm löng og vó 247 kg.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðvestan 5-13 m/s og skúrir eða slydduél. Hiti breytist lítið

Horfur á laugardag:

Sunnan 5-10 m/s og rigning, fyrst sunnanlands, en þurr á NA- lands. Hiti 5-10 stig.

Horfur á sunnudag:

Vaxandi norðanátt. Rigning eða slydda og snjóköma til fjalla, en úrkomulífið sunnanlands. Hiti 1-10 stig.

Krossgátan



Jón Steingr.	Næði Versna	Næg	Seiði Dvel	Númer	✓	Vís-dómur	Megurð Innilega
→						↘	
Óvær því næst					>		
Sigti				Elskur			
Lítir				Samst.			
	✓		✓				✓
Strák-gutta	↓	Værðin	Svið Hár Spil		>		
						Elska	
						Lok	
Blóm-inu						Samhlj.	
						Skemmir	↓
Tvíhlj.			Ambátt				
Greini frá			Matjurt			Hnjóð	
						Ísl. st.	
				Svelgur Sömu			Deigur Agnald
				Tré			
Átt		Sóminn				For-sagnir	
		Hafna				Vínandi	
Skaði				Gerast Brauð			
Líffæri				Amboðið			
Gleðja							
Tónn							
						Jökull	
						Manni	
			Sérhlj.	Skál			
			Hagur	Að utan			
List						Öryggi	
Ávöxtinn	↘					Doka	
Pota	Kútur				Óðagot →		
							Vetni
							Sömu
Tala		Um-hyggja			Lagvopn		
Ljúka		Forsetn.			Samhlj.		
					Sjávar-dýr		

VERKSTÆÐI
STEFÁNS
ARNAR

- ✓ Allar almennar bílaviðgerðir
- ✓ Rúðuskipti

Sindragata 10, 400 Ísafirði
Sími: 456 2310 / 869 6852

Finndu mig á [facebook](#)



HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



					V			S	
				H	V	A	Ð	A	N
			S	V	A	Ð		T	A
Ó	S	A	L	T	A	Ð	U	R	T
	K	L	Á	R	T		R	A	S
Æ	R	A		Á	U	M		Ú	T
	Ý	T	N	I	R		Ó	B	R
S	T	R	Á	J		I	S	S	E
	N	Ó	L	Ó		E	I	R	Ð
R	I	Ð	I	L	S	Æ	Ð	A	K
	R		N	A	M	R	U	M	S
		P	E	S	S	I	R		Ó
T	A	U		V		N	Æ	R	T
	S	K	R	E	F		F	A	R
	K	L	E	I	F	T		S	A
		A	G	N		R	E	I	F
G	A	R	N	N	E	T	T		T

Sudoku prautir

3		8			7	2	1	
		5				8		
				9				3
	4	3			1			5
				8				
5			4			3	6	
9				4				
		7				9		
	3	6	2			4		7

5			2	8			7	
		4				8	2	
						1		
	4				5		1	9
			9		3			
3	1		8					5
		5						
	9	7				5		
	3			2	6			7

Selja til að hafa áhrif á afdrif eigna útgerðarinnar

Verið er að ganga frá sölu Útgerðarfélagssins Önguls ehf. á Ísafirði. Kaupandi er Útgerðarfélagið Otur ehf., einnig á Ísafirði, en það var ein meginkrafa eigenda Önguls að hvorki bátur né veiðiheimildir færu úr sveitarfélaginu. Búið er við að salan gangi fljótlega í gegn. Kristján Andri Guðjónsson sagði í samtali við BB að í ljósi stóruaukna skulda eftir hrun og samdráttar í aflaheimildum í ýsu hafi verið ljóst að ekki væri unnt að halda rekstri Önguls, sem gerir út Björgu Hauks ÍS-33, áfram í óbreyttri mynd.

„Manni er náttúrulega ekkert ljúft að þurfa að gera þetta,“ segir Kristján. Hann bendir á að útgerðin hafi byggst upp á ýsuveiðum, en á fjórum árum hafi aflamark hennar farið úr 150 tonnum í 57, og að þessi skerðing hafi orðið til þess að tugi milljóna vanti upp á rekstur félagsins. Þegar þetta lagðist ofan á efnahagsáhrif hrunsins hafi stefnt í óefni: „Maður fer að sofa með 100 milljón króna skuld og vaknar með 300.“

Eigendur Önguls mátu stöðuna þannig að betra væri að selja reksturinn og hafa þannig áhrif á

afdrif báts og veiðiheimilda heldur en að hætta á gjaldþrot og tilheyrandi óvissu. Útgerðin var ekki auglýst til sölu, en þess í stað haft samband við aðila á svæðinu. Kristján bætir við að varla hefði verið nokkur vinnufriður ef auglýst hefði verið.

Hvað varðar framtíðaráform fyrri eigenda Önguls segir Kristján að þeir séu ekki hættir, heldur hyggist þeir anda rólega í bili og taka stöðuna. Við sölnuna hafi þeir haldið eftir milli 40 og 50 tonna þorskkvóta á annan bát, og aldrei sé að vita nema hægt sé að byggja út frá því. – herbert@bb.is

Fundu jarðhýsi og eldaseið

„Við erum búin að finna jarðhýsi sem er sex metrar að lengd og erum að grafa það fram núna. Síðan fundum við stóra úti eldunarholu sem var grafin og notuð til að setja kjöt ofan í. Þetta kallast eldaseiður eða eldunarhola. Þetta er þriðja eldunarholan sem við finnum og sú stærsta til þessa. Hún er þrír fermetrar að stærð og hálfur meter á dýpt. Jarðhýsið er 120 cm fyrir neðan yfirborðið,“ segir Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, fornleifafræðingur, sem stýrir rannsóknum á Hrafnseyri í Arnarfirði en með henni eru ellöfu nemendur í fornleifafræði að störfum.

„Þar sem er jarðhýsi, er yfirleitt skáli en við eigum eftir að finna hann. Það verður framkvæmd



Frá uppgreftinum á Hrafnseyri.

fjarkönnun í maí en þá eru sendar rafsegulbylgjur í jörðina sem nema það sem er undir jarðvegginum. Þá getum við kannski frekar staðsett minjarnar,“ segir Margrét.

„Við höldum áfram að grafa þennan þykka vegg sem við fund-

um í fyrra, stækkuðum það svæði og það kom fram áframhaldandi tveggja metra þykkur torfveggur með stórgrýti í grunninum í ljós. Það er óvenjulega breytt fyrir túngarð. Ef þetta er túngarður nær hann utan um túnið, ef hann er minni er þetta eitthvað annað. Við erum að vona að fjarkönnun leiði stærðina á veggnum í ljós og hvernig hann liggur,“ segir Margrét. Eflaust eru minjar innan hringsins en það er stærðin á honum sem gefur til kynna hvaða not hafa verið af honum. Í vikulokin grefur hópurinn við Íðsvör og að Auðkúlu í næstu viku og gerir könnunarskurð í minjar þar. Mjög spennandi minjar eru að Auðkúlu, að sögn Margrétar.

– hordur@bb.is

Jóni Indíafara og Víkurbúðinni í Súðavík lokað

Veitingastaðnum Jóni Indíafara og Víkurbúðinni, einu versluninni í Súðavík, hefur verið lokað vegna rekstrarörðugleika. Þorsteinn Haukur Þorsteinsson, betur þekktur sem tónlistarmaðurinn Skundi litli, tók við rekstri Kaupfélags Súðavíkur, sem rekur bæði fyrirtækin, á síðasta ári en hefur nú lokað. Auk þess að sjá um matseldina á Jóni Indíafara, sá Þorsteinn Haukur um rekstur og eldamennsku fyrir mötuneyti Grunn- og leikskóla Súðavíkur.

„Það sem úttekt á rekstrinum leiddi í ljós var að félagið er með skuldir sem það ræður ekki við og eru margir þættir sem hafa haft áhrif þar á. Minna hefur verið

um ferðamenn í sumar en gert var ráð fyrir en sumarvertíðin hefur yfirleitt gefið af sér rekstrarfé sem hefur dugað yfir vetrarmánuðina. Þá var einnig ljóst að ekki myndi nást að ná að innheimta kröfur sem félagið átti á nokkra viðskiptavinum. Hluti af skýringunni fyrir því að rekstrinum var hætt svo skyndilega að Landsbankinn vildi ekki framlangja hluta yfirdráttar sem félagið hefur verið með. Ákvörðun var tekin um að hætta rekstri og hefur sveitarfélagið gert skammtímasamkomulag við rekstraradilann um áframhaldandi rekstur mötuneytisins í skólanum, á meðan línur eru að skýrast,“ segir

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri. Kaupfélag Súðavíkur hefur verið starfrækt á sömu kennitölu á annan tug ára.

„Það er alveg klárt að það tekur einhverja daga að fara yfir stöðuna gagnvart kröfuhöfum en ég á von á því að línur skýrist á næstu dögum um framhaldið. Íbúar Súðavíkur hafa verið virkir í að tjá sig um vilja sinn til að hér sé verslun og það hefur gengið vel að hafa þann háttinn á að sá sem rekur verslunina sjái einnig um rekstur mötuneytisins og við munum skoða það í framhaldinu hvort einhver áhugasamur aðili eða aðilar væru til í að taka við keflinu,“ segir Ómar Már.

Skíðaveisla

VITA í vetur

Ítalía – Austurríki og Ameríka

Morgunflug til Verona með Icelandair



Ítalía – eingöngu með VITA

Allir vinsælustu skíðastaðirnir: Selva, Madonna di Campiglio, Val di Fiemme og Paganella

Verð frá 124.900 kr. *

og 12.500 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli með morgunverði á Garni Christiania í Madonna 18. – 25. janúar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

* Verð án Vildarpunkta 134.900 kr.

Flugáætlun:

8., 18., og 25. janúar
1., 8., 15. og 22. febrúar

Morgunflug til München með Icelandair



Austurríki – Dalirnir 3 – Flachau

Fallegur skíðabær með aðgengi að Ski-Adamedé, einu besta skíðasvæði austurísku Alpanna.

Verð frá 169.900 kr. *

og 12.500 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli með hálfu fæði á hótél Unterberghof 25. janúar – 1. febrúar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

* Verð án Vildarpunkta 179.900 kr.

Flugáætlun:

25. janúar
1., 8. og 15. febrúar

Beint flug til Denver með Icelandair



Aspen - Colorado

Aspen – frægasti skíðastaður heims, sem allir skíðamenn þurfa að prófa einu sinni á ævinni.

Verð frá 253.400 kr. *

og 12.500 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli með morgunverði á hótél Aspen Meadows 15. – 23. febrúar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting með morgunverði

* Verð án Vildarpunkta 263.400 kr.

Flugáætlun:

1., 4. og 15. febrúar
2. mars

Beint flug til Denver með Icelandair



Vail - Colorado

Vail í Klettafjöllum, stærsta samfellda skíðasvæði í Bandaríkjunum.

Verð frá 329.500 kr. *

og 12.500 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli með morgunverði á hótél Vail Marriott 2. – 12. mars.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

* Verð án Vildarpunkta 339.500 kr.

Flugáætlun:

2. mars